

35
26. jan.

Þar sem svo stendur á, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn-bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflytjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 26. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

36
28. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929
(Ritsíma- og talsímakerfi).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri . . . að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum. 36
28. jan.

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valþjófsstað í Fljótisdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólssstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmum að Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Minni-Borg í Grímsnesi að Sólheimum. Lína frá Hveragerði að Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Breiðabólstað út í Brokey á Breiðafirði. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlið eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattaranesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla. Lína frá Bildudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Sveinseyri að Stóra-Laugardal í Tálknafirði. Lína frá Rafnseyri að Dynjandi í Arnarfirði. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína frá Skálavík í Reykjarfjarðahreppi til barna-, unglinga- og íþróttaskólans á Reykjanesi í Reykjarfjarðahreppi, með stöð á Þúfum. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Lækjarmóti að Gröf í Viðidal. Lína frá Viðidalstungu að Fremri-Fitjum í Fremri-Torfustaðahreppi. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína um Blönduhlið og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum, með stöð á Egilsá, um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Þóroddstað í Ljósavatns-hreppi um Björg að Sandi í Aðaldal. Lína frá Grenjaðarstað um Hveravelli í Reykjahverfi að Skógum. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinnastað um Kelduhverfi að Vikingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.